



Siðareglur bæjarfulltrúa Kópavogs

- Við störfum í þágu allra **Kópavogsbúa** með opnu samtali, virku upplýsingaflæði og **hlustum** á ólík sjónarmið. **Farsæld** íbúanna og komandi kynslóða er okkar **hjartans mál**.
- Við stöndum vörð um fjárhag bæjarins og förum vel með eigur hans enda er traustur rekstur undirstaða farsældar og vaxtar.
- Við störfum af heilindum og ábyrgð, sýnum háttvísi og berum virðingu fyrir skoðunum annarra.
- Það á að vera gott að vinna hjá Kópavogsbæ og í því augnamiði virðum við hlutverk og störf starfsfólks, sýnum kurteisi og tillitssemi í samskiptum.
- Við nýtum ekki stöðu okkar, upplýsingar né þiggjum gjafir í starfi ef það er í þágu eigin hagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila.
- Við gerum grein fyrir hagsmunum eða tengslum, leiki vafi á hæfi okkar í meðferð mála.
- Við kynnum okkur málin, komum undirbúin til starfa, segjum satt og rétt frá, gætum trúnaðar og sýnum sanngirni í hvívetna.